

Hverfisráð Raufarhafnar hefur yfirfarið viðhaldslista og framkvæmdalista sem sendur hefur verið inn árlega. Margar eignir á Raufarhöfn eru búnar að vera í viðhaldspörf í fjölda ára.

Ugglaust eru mun fleiri atriði en **Hverfisráð leggur sérstaklega áherslu á þakskipti á ráðhúsi, þak skipti og eða viðgerðir á félagsheimili, klæðningu norðurhliðar skólahúsnaðis sem og gangstéttir.**


**Að auki vonast hverfisráð til þess að settur verið upp ærslabelgur á Raufarhöfn líkt og lagt var upp með í júlí 2018 þegar ákveðið var að setja upp slíkt á Kópaskeri og á Húsavík.**

**a) Grunnskóli Raufarhafnar**

- Klæða þarf norðurhlið skólans sem fyrst. Innveggir mikið skemmdir vegna raka.
- Skipta þarf um glugga.

**b) Sundlaugarrými**

- Hljóðvistunarmál- setja aftur upp loftaplötur ( hljóðdempandi) - hávaðamengun í rýminu er hættuleg eins og staðan er í dag.
- Mála sturtuklefa og hressa uppá ( sjá myndir)



**c) Félagsheimilið Hnitbjörg.**

- Nauðsynlegt er að gera við þak hússins, húsið liggur undir skemmdum.
- Skipta þarf um glugga.
- Klæða þarf húsið að utan sem fyrst.
- Endurbætur á wc: gólf ónýtt, búið að tjasla í stærstu blettina með sem vantar flísar með teppabútum, wc ónýtt að hluta, básar lélegir og fl. Mögulega hægt að mála flísar á veggjum. Þarf að skoða.



**d) Stjórnsýsluhús *Sjá nánar erindi frá Svövu Árnadóttur frá 7. mars sl.***

- Skipta um þak.
- Endursmíða forstofu
- Skipta um gler í gluggum

**e) Tjaldstæði**

Kaup og uppsetning á nýju þjónustuhúsi sem í dag er mjög sóðalegt og gamalt  
Fleiri rafmagnstenglar í dag er einn staur fyrir utan tjaldstæðið með 4 tenglum

**f) Gangstéttir í þorpinu- nauðsynlegt er að lagfæra gangstéttir**